

# Baráttan gegn brotthvarfinu

Pröstur Haraldsson



Pröstur Haraldsson,  
blaðamaður

Félagsráðgjöf í framtíðinni var umræðuefni Félagsráðgjafabings í febrúar síðastliðinn. Stéttin hefur að sjálfsgöðu metnað til þess að færa út kvíarnar og enginn vafi að ærin verkefni blasa við félagsráðgjöfum í framtíðinni. Meðal þess sem oft bar á góma var nauðsyn félagsráðgjafar í skólum landsins. Mátti skilja á ræðumönnum að lausn ýmissa vandamála sem þar er glímt við kalli á þekkingu og færni sérhæfðra félagsráðgjafa. En þar eru ljón í veginum.

Brotthvarf úr framhaldsskólum og dvínandi læsi eru meðal þeirra vandamála sem hrjá æsku landsins þessi misserin. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur ferðast um landið og kynnt hvítbók um umbætur í skólamálum. Þar eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið:

- 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri — úr 79% nú.
- 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma — úr 44% nú.

Þetta eru viðmælendur blaðsins sammála um að séu göfug markmið. Vandinn sé hins vegar sá að í hvítbókinni sé ekki að finna ráð sem duga til að nálgast þau.

## Kvíðin og þunglynd leikskólabörn

Sigrún Harðardóttir er nýr doktor í félagsráðgjöf og nú lektor við Háskóla Íslands. Doktorsritgerð hennar byggðist á rannsókn á sálfélaglegri líðan nemenda við upphaf náms í framhaldsskóla og námsframvindu með áherslu á nemendur með námserfiðleika. Um þá rannsókn má fræðast betur í grein hér í blaðinu. Hún sagði í viðtali við blaðið að þótt brotthvarfið ætti sér stað í framhaldsskólanum teygi ástæður þess sig oft langt aftur í tímann.

„Börnin koma oft illa undirbúin í framhaldsskólann 16 ára gömul. Þau eru mörg hver illa farin og búa við slaka sálfélaglega líðan. Þess vegna er brýnt að byrja fyrir, jafnvel í leikskólanum. Séu tengsl barna og for-

eldra ekki í lagi getur það birst í kvíða, óöryggi og hegðunarvanda hjá börnunum. Oft hafa foreldrar sjálfir átt erfitt með að mynda tengsl, glímt við námshindranir og félagslegan vanda. Þar geta félagsráðgjafar komið að liði og hjálpað foreldrum að öðlast aukið innsæi í mikilvægi sitt í lífi barnanna, bæta tengslin við þau og rjúfa þannig vítahring neikvæðrar sálfélaglegrar arfleifðar.

Skólakerfið okkar hefur því miður lengi miðast of mikið við að byggja úrræði á greiningum út frá sjúkdómsnálgun þar sem lítið er svo á að það sé eitthvað að einstaklingnum sem þurfi að laga. Þeim börnum á leikskólaaldri fjölgar sem greinast með kvíða og þunglyndi sem var óþekkt fyrir nokkrum árum. Sú spurning verður áleitin hvort ekki sé hægt að vinna markvissar með foreldrunum og jafnframt að samstillta stefnu og starf félagsráðgjafa í skóla, félags- og heilbrigðisþjónustu.“

Sigrún vitnar í rit félagsráðgjafanna Elísabetar Karlsdóttur og Erlu Bjargar Sigurðardóttur, *Jadarstada foreldra – velferð barna*, um aðstæður barna þeirra foreldra sem dottið hafa úr skóla eða af vinnumarkaði og lifa á bótum. Þar kemur glögg fram hvernig börnum er stórlega mismunað eftir stöðu foreldra. Þetta er ekki aðeins persónulegt heldur samfélagslegt úrlausnarefni.

## Lítill stuðningur við ungmenni

Ýmsir skóla- og fræðimenn hafa bent á að ástæður brotthvarfs úr framhaldsskóla eigi sér fjölþættar skýringar. Gestur Guðmundsson, prófessor félagsfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hefur kannað menntun og vegferð ungs fólks til fullorðinsára, ekki hvað síst fyrir og eftir efnahagshrunið. Hann segir að það séu aldrei einfaldar ástæður fyrir því að ungt fólk flosni upp úr námi. Þar sé oftast að verki samsafn margra atvika og aðstæðna, fátækt, brotnar fjölskyldur, veikindi og aðrir erfiðleikar á heimili.

Hann hefur í rannsóknnum sínum greint mismun á kynjunum hvað varðar ástæður fyrir brotthvarfi úr skóla. „Stúlkurnar urðu oftast fórnarlömb eineltis eða þær urðu óléttar. Strákarnir fengu hins vegar oft vel launaða vinnu með skólanum, þeir fengu ábyrgð og ef þeir stóðu sig vel var þeirra freistað með fullu starfi. Þetta breyttist að vísu snögglega við hrunið því þá þrengdist vinnumarkaðurinn verulega fyrir ungt, ófaglært fólk.“



Gestur nefnir fátækt sem eina ástæðu brotthvarfsins. Hann bendir á að stuðningur hins opinbera við foreldra barna í framhaldsskólum falli niður við 18 ára aldur og sé að heita má enginn fyrr en þau geti tekið námslán um tvítugt. Á þetta hefur oft verið bent og í nýlegri skýrslu *Velferðarvaktarinnar* er tekið undir þetta, en þar segir:

„Oft reynist einmitt erfitt fyrir tekjulágar fjölskyldur þegar börn þeirra verða 18 ára því þá verða þær yfirleitt fyrir töluverðri tekjuskerðingu, sérstaklega þegar ungmennin eru í skóla og enn á framfæri foreldra sinna ... þá skerðast húsaleigubætur, barnabætur, húsnæðisuppbót almannatrygginga og barnalífeyrir. Velferðarvaktin telur því rétt að barnabætur greiðist áfram með þeim ungmönnum sem búa hjá foreldrum sínum og eru í námi ...“

### Er nóg að „gera við krakkana“?

Ástæður brotthvarfs geta líka tengst veikindum foreldra, andlegum eða líkamlegum, áfengis- eða fíkniefnaneyslu og ofbeldi á heimilinu. Sjálf geta börnin átt í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum tengdum kynáttun eða félagsfælni. Og eru þá ótaldir sjúkdómar sem geta hrjád þau sem og sértækir námserfiðleikar vegna lesblindu, skrifblindu og talnablistu. Fötlun setur strik í reikning margra.

Sigrún hefur ýmislegt út á viðbrögð skólakerfisins við öllu þessu að setja. „Þegar börn koma í grunnskólann uppgötva þau að þau eru eitthvað „skrýtin“ af því þau geta ekki lært eins og hinir. Þá þurfa þau að bíða eftir greiningu, iðulega mjög lengi, til þess að fá sérkennslu sem er oft það eina sem skólinn hefur að bjóða. Nú eru 28% grunnskólabarna í sérkennslu og Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á landinu sem leggur í að reikna út kostnaðinn við hana. Við erum að borga ríflega tvo milljarða króna á ári fyrir sérkennslu en það hefur lítið verið rannsakað hverju hún skilar. Krakkarnir sem ég ræddi við í rannsókn minni höfðu öll fengið sérkennslu sem dugði fæstum þeirra til að ná viðunandi árangri í framhaldsskóla. Börnin sem þangað eru send glíma ekki bara við námsörðugleika heldur einnig hegðunarvanda eða félagslega erfiðleika, jafnvel ofvirkni og athyglisbrest. Sérkennslan virðist beinast að því að „gera við“ krakkana svo þau séu eins og hinir,“ segir hún.

### Gömul saga og ný

Brotthvarfsvandinn er engan veginn nýr af nálíni. Raunar má segja að hann hafi þá fyrst orðið sýnilegur þegar sett var í lög að allir eigi rétt á framhaldsnámi.

Guðrún H. Sederholm lauk kennaraprófi árið 1969 og hóf störf við nýreistan Breiðholtsskóla.

„Í þessu hverfi hafði verið safnað saman fjölmörgum barnafjölskyldum. Þegar ég fór heim á daginn voru strákarnir í skólanum oft búnir að kippa til litla Fólksvagninum mínum. Þeir sáu líka um að bjóta perurnar í ljósastaurunum í nágrenni skólans. Ég kaus alltaf að líta á þetta sem vitnisburð um að þá skorti færni til samskipta og að enginn leiðbeindi þeim. Á þessum árum sigldi ég lengst af móti vindi því mér fannst ríkja skortur á skilningi og virðingu fyrir trúnaði gagnvart unglingum. Mörgum kennurum fannst fólkið í Breiðholti vera almenningsseign og þeim bæri að hafa vit fyrir því. Ég las það út úr mínu erindisbréfi að hlutverk mitt væri að standa afdráttarlaust með nemendum og fjölskyldum sem byggju í hverfinu.

Það er fyrst núna þegar ég er 67 ára að mér sýnist þessi viðhorf vera að breytast til betri vegar. Börnin séu ekki með leiðindi vegna þess að þau séu illa innrætt heldur skorti þau færni í samskiptum. Það eigi ekki aðeins að reyna að „laga krakkana“ og segja þeim hvernig þeir eigi að haga sér heldur styðja þau til að þeim farnist sem best,“ segir Guðrún.

### Skortur á persónulegri ráðgjöf

Þegar Svavar Gestsson var menntamálaráðherra um 1990 bað hann Guðrúnu að setja fram tillögur um hvernig best væri að þróa ráðgjöf við nemendur grunnskólans.

„Ég var tengd Ölduselsskóla í hálf tveimur árum meðan ég sinni þessu og þá leituðu strax bæði kennarar og nemendur til mín eftir persónulegri ráðgjöf. Ég áttaði mig líka á að það var ekkert gert fyrir nemendur með lesblindu. Margir þeirra nemenda sem hjást af henni voru bara settir í tossabekk þótt þeir ættu oft mjög auðvelt með allt annað en að lesa.

Tíu árum seinna var ég beðin um að taka að mér formennsku í nefnd um eflingu náms- og starfsráðgjafar á öllum skólastigum. Við höfðum samband við fjölda skóla um allt land. Alls staðar kvað við það sama: Það sem vantar er persónuleg ráðgjöf. En í ráðuneytinu var ekkert gert með tillögur okkar. Þriðju tilraunina gerðum við í ráðherratíð Þorgerðar Katrínar og töldum okkur hafa náð nokkuð langt en svo rann það út í sandinn.

### Auðvitað snýst þetta um peninga

Í nýjum grunnskólalögum frá 2008 er loks kveðið á um jafnrétti allra til náms og ráðgjafar. „Sem betur fer eru teikn á lofti um að viðhorfin séu að breytast.

Fjölbrautaskólarnir sinna þessu oft vel og í rannsókn meðal skólastjóra árið 2009 kölluðu sumir hverjir eftir persónulegri ráðgjöf, þeir sem á annað borð vissu af vanlíðan nemenda. En í menntaskólunum mætti halda að lesblinda, geðveila og þess háttar væru óþekkt fyrirbæri. Úr röðum skólastjóra heyrir því haldið fram að skólar fái við þekkingarmiðlun, annað komi þeim ekki við. Þetta viðhorf að halda persónulegri ráðgjöf utan verksviðs skólanna er þó á undanhaldi,“ segir Guðrún.

Sigrún tekur í sama streng. „Ég held að þetta stafi að hluta til af skilningsleysi. Sumir skólastjórar þekkja ekki muninn á félagsráðgjöfum og félagsfræðingum. Þegar upp kemur grunur um ofbeldi á heimilum eða tilkynning berst til skólanna um barnaverndarmál getur þeim reynst erfitt að fást við vandann. Þeir kvarta undan því að þá vanti þekkingu til þess að leysa þessi mál. Skólastjórnendur þora ekki að takast á við þetta, þeir óttast að rjúfa friðhelgi einkalífsins, fara yfir einhver mörk sem félagsráðgjafar eru þjálfaðir í að gera. Engin önnur stétt hefur þessa heildarsýn og er menntuð í að sinna barnaverndarmálum og vinnu með fjölskyldum í erfiðleikum. Þeir búa yfir sérþekkingu á löggjöf, aðferðum, kerfasamstarfi og úrræðum til að takast á við vandann. Reynslan er líka sú að þeir skólar, sem hafa ráðið félagsráðgjafa til starfa, vilja halda í þá,“ segir Sigrún.

### Stytting náms er ekki lausnin

Sigrún starfaði lengi við Menntaskólann á Egilsstöðum og var viðstödd þegar Illugi Gunnarsson hélt fund um hvítbókina sína á Hótel Héraði. „Hann vill berjast gegn brotthvarfi og auka læsi og því eru allir sammála. En stytting á námi til stúdentsprófs og viðbótarkennsla í móðurmáli gagnast ekki þeim sem líður illa í skóla eða eiga við námserfiðleika að stríða og velta því fyrir sér að hverfa frá námi. Það lærir enginn ef honum líður illa.

Í bókinni *Ofbeldi á heimilum* sem var að koma út kemur fram að börn sem búa við þann vanda kvarta undan því að þau hafi ekki við neinn að ræða. Þau segja kannski vinum sínum frá þessu og þar með eru fleiri börn komin með áhyggjur af vandanum en það vantar að einhver fullorðinn hlusti á þau og taki á málunum með þeim.

Þegar fyrstu félagsráðgjafarnir fóru að vinna á geðdeildum vöktu þeir athygli samstarfsfólks síns á að sjúklingarnir byggju sumir við ofbeldi á heimilinu. Því var oft svarað á þá leið að það væri ekki mál geðdeilda. En nú starfa tugir félagsráðgjafa á geðdeild Landspítalans og þar er í auknum mæli unnið út frá heildarmynd af skjólstæðingnum, fjölskyldu hans, vinnustað og lífi hans í heild. Það sama þarf að gerast í skólum landsins,“ segir Sigrún.

## Nýr doktor á sviði félagsráðgjafar

Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir varði doktorsritgerð sína við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands 12. desember 2014.

Ritgerðin ber heitið: „*Quality of Life for People with Mental Illness in a Changing Society – Intra- and Inter-institutional Effects on Psychiatric Rehabilitation*“.

Lífsgæði fólks með geðrænan vanda í síbreytilegu samfélagi – Innri og ytri áhrif stofnana á endurhæfingu. Leiðbeinandi var dr. Sigrún Júlíusdóttir. Aðrir í doktorsnefnd voru dr. Rafael Lindqvist og dr. Páll Matthíasson. Andmælendur voru dr. Katarína Piueva frá Félagsráðgjafardeild Stokkhólmsháskóla og Engilbert Sigurðsson frá Læknadeild Háskóla Íslands.



Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir

Dr. Sveinbjörg Júlía var við nám í háskólanum í Lundi og lauk BA-prófi í þjóðfélagsfræði frá HÍ, 1985, starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá HÍ, 1988, meistaraþrófi (Master of Science of Social Work) frá Gautaborgarháskóla árið 2000 og doktorsprófi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands 2014.

Hún starfaði hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur, en lengst af við Landspítalann, þar af í 8 ár sem forstöðufélagsráðgjafi geðsviðs. Nú starfar hún m.a. við fræðslu, rannsóknir og ráðgjöf hjá Meðferðar- og fræðslusetri Forvarna auk stundakennslu við Háskóla Íslands.